

GARRI

Sameiningar- klofningurinn

Enn eru vinstrimenn farnir að kljúfa til að sameina. Meirihluti Kvennalistsans ákvað að knýja fram þá skilgreiningu á sjálfum sér að þar færi flokkur til vinstri í stjórnálgunum og kastaði þar með fyrir róða þeirri kenningu Kvennalistsans um langt árabíl að hann væri þverpólitísk kvennahreyfing. Gömlu kempurnar hvefa nú á braut hver af annarri, eða sitja eftir í eins konar gíslingu meirihlutans sem vill umfram allt sameinast A-flokknum.

Auðvitað á þetta ekki að koma neinum á óvart. Í hvert sinn sem sameiningarbakkerían hefur gert vart við sig hefur hún leitt til klofnings. En sameiningin lætur enn á sér standa.

Klofnings- saga

Kommúnistaflokkurinn gamli, sem sprakk út úr Alþýðuflokknum árið 1930, leitaði fljótlega eftir sameiningu við höfuðbólið, enda var það vilji Jósefs frænda. Öflugir aðilar innan Alþýðuflokksins, með glæsilegan leiðtoga, Héðinn Valdimarsson, í fararbroddi fengu bakteríuna og börðust fyrir sameiningu. Niðurstaðan var klofningur Alþýðuflokksins, þegar Héðinn var rekinn, og „sameining“ hans og kommanna í Sósíalistaflokknum. Sú sæla stóð hins vegar stutt, þar sem Héðinn hrökklaðist úr nýja flokknum vegna fylgispekta kommanna við Jósef frænda í Finnagaldri.

Hannibal Valdimarsson

vann ótullega að sameiningu vinstri manna áratugum saman og lenti þrisvar í klofningi. Fyrst þegar hann hrakist úr Alþýðuflokknum og tók höndum saman með Sósíalistaflokknum um stofnun Alþýðubandalagsins. Í annað sinn þegar hann hraktist úr Alþýðubandalaginu og stofnaði Samtök frjálslyndra og vinstri manna til að sameina vinstrimenn. Og í þriðja sinn þegar Samtök in klofnuðu og hluti þeirra fór yfir í Alþýðuflokkinn.

Allaballar næst?



Guðný Guðbjörnsdóttir.

Síðustu áratuginu hefur þessi klofnings saga haldið áfram. Nægir þar að minna á Bandalag jafnaðarmanna, sem kom að meginstofni til úr Alþýðuflokknum, Nýjan vettvang sem átti meginupp-tök sín í Alþýðubandalaginu og nú síðast Þjóðvaka sem

klofnaði upphaflega úr Alþýðuflokknum. Öll eru þessi samtök fyrir bí. Og samt er enn eftir að sameina vinstrimenn.

Forystumenn Alþýðuflokksins og Kvennalistsans virðast harla ánægðir með þennan nýjasta klofning, ef marka má ummæli þeirra í Degi. Virðast telja það auðvelda málið að sótthreinsa Kvennalistann af gömlum og úreltum viðhorfum. Svavari Gestssyni er hins vegar órótt; hann óttast auðvitað að sameiningin muni næst kljúfa Alþýðubandalagið. Reyndur og raunsær maður, Svavar.

GARRI